

Grundarfjarðarbær  
Borgarbraut 16  
350 Grundarfirði

Stykkishólmi 29. janúar 2025

**Efni: Deiliskipulag iðnaðarsvæðis vestan Kvernár - tillaga til auglýsingar**

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna auglýstrar tillögu fyrir deiliskipulag iðnaðarsvæðis vestan Kvernár í Grundarfirði. Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér tillöguna.

Deiliskipulagssvæðið er utan verndarsvæðis Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar<sup>1</sup>. Svæðið er hins vegar við verndarsvæðið og er hægt að líta á fyrirhugaða skipulagssvæðið sem grannsvæði verndarsvæðis Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að gætt sé að verndarviðmiðum verndarsvæðis Breiðafjarðar í skipulagsferlinu til að tryggja verndargildi þess.

Deiliskipulagstillagan er alfarið sunnan við Snæfellsveg og telur nefndin ekki að svo stöddu að hún feli í sér umtalsverð áhrif á verndarsvæðið. Breiðafjarðarnefnd áskilur sér rétt til að koma að fleiri athugasemdum um málið á síðari stigum í ferli málsins.

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,  
formaður Breiðafjarðarnefndar

---

<sup>1</sup> Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.htm>